

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, Kílhraun á Skeiðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að um 100 ha landbúnaðarsvæði sem markast af sveitarfélaga-mörkum við Hraungerðishrepp og Villingaholtshrepp, þjóðvegi nr. 30 og Árhraunsvegi breytist í frístundahúsasvæði. Innan svæðisins er svokölluð Áshildarmýri og er gert ráð fyrir að frístundabyggðin verði staðsett á hrauni umhverfis hana.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006